

ÁRSSKÝRSLA 2023



Náttúruhamfaratrygging
Íslands

EFNISYFIRLIT

Upplýsingar um stjórn og starfsfólk	4-5
Ávarp stjórnar	6-7
Tjónsatburðir á árinu	8-9
Áhrif atburðanna í Grindavík á reksturinn	10
Endurtryggingar	11
Lykiltölur úr ársreikningi 2023	12-13
Helstu skýringar með ársreikningi 2023	14-15





STJÓRN

Stjórn NTÍ var skipuð árið 2019 til fjögurra ára. Stjórnina skipa Sigurður Kári Kristjánsson formaður, Jóna Björk Guðnadóttir varaformaður, Hallfríður G. Hólmgrímsdóttir, Ragnar Þorgeirsson og Steinar Harðarson.



Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður, er hæstaréttarlögmaður hjá LLG lögmönnum. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1999. Hann hefur gegnt hlutverki stjórnarformanns Náttúruhamfaratryggingar Íslands frá árinu 2015 og er skipaður af ráðherra.



Jóna Björk Guðnadóttir, er yfirlögfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF). Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1994. Hún var varamaður í stjórn frá 2015-2019, en var skipuð í stjórn NTÍ eftir tilnefningu frá SFF árið 2019.



Hallfríður G. Hólmgrímsdóttir, situr í bæjarstórn Grindavíkur og er að ljúka húsasmíðanámi en hún starfar sem húsasmiður. Hún lauk B.S. prófi í viðskiptafræði frá Bifröst árið 2015. Hallfríður var skipuð í stjórn NTÍ árið 2023 af Alþingi.



Ragnar Þorgeirsson, er löggiltur fasteignasali og starfar á Heimili fasteignasölu. hann lauk B.A. prófi í opinberri stjónsýslu árið 1997 og meistarágráðu í alþjóðaviðskiptum árið 2000 frá Háskólanum í Álaborg. Ragnar hefur setið í stjórn frá árinu 2015 og er skipaður af Alþingi. Ragnar hefur verið fulltrúi stjórnar í endurskoðunarnefnd frá árinu 2015.



Steinar Harðarson, starfar sem sjálfstæður vinnuverndarráðgjafi hjá Vinnuvernd og forvörnum ehf. Hann er véltækniþræðingur frá Polhems Tekniska skola í Gautaborg frá árinu 1977. Hann var í stjórn og endurskoðunarnefnd frá 2011-2015, varamaður frá 2015-2019 og var aftur skipaður í stjórn árið 2019 af Alþingi.

STARFSFÓLK

Kjarnastarfsemi NTÍ er skipuð fáum einstaklingum sem annast fjölbreytt verkefni innan stofnunarinnar. Þegar tjónsatburðir eiga sér stað er starfsemin miðuð að því að geta vaxið á skömmum tíma, bæði með tímabundnum ráðningum og þjónustu verktaka.



Hulda Ragnheiður Árnadóttir, MSc. í bankastjórnun, fjármálum og alþjóðaviðskiptum hefur verið forstjóri frá árinu 2010. Hún starfaði áður við innri endurskoðun og fjármálastjórn.



Hanna María Kristinsdóttir er gæða- og þjónustufulltrúi. Hún hóf störf hjá NTÍ sem sumarstarfsmaður árið 2020, en var ráðin í hlutastarf í byrjun árs 2022. Hún starfaði áður í ferðaþjónustu.



Jón Örvir Bjarnason, Msc. í byggingaverkfræði og sviðsstjóri váttryggingasviðs. Hann hefur verið starfsmaður NTÍ síðan 2013, en starfaði áður fyrir verkfræðistofu m.a. sem matsmaður fyrir NTÍ allt frá árinu 2000.



Jónína Pálsdóttir, bókari og þjónustufulltrúi. Hún hefur starfað hjá NTÍ frá árinu 2012. Hún starfaði áður við bókhald og skrifstofustörf.



Jóhann Árni Helgason, viðskipta- og kerfisfræðingur og sviðsstjóri þjónustusviðs. Hann hefur starfað hjá NTÍ frá byrjun árs 2022 en stýrði áður þjónustusviði í upplýsingatækniyrirtæki.



Vignir Jónsson, hagfræðingur, er sérfræðingur í fjárfestingum og tjónafulltrúi. Hann hefur starfað hjá NTÍ frá árinu 2021. Hann starfaði áður við greiningar á fjármálamörkuðum og eftirlit með eignastýrendum, m.a. fyrir NTÍ frá árinu 2002.

ÁVARP STJÓRNAR

Fullyrða má að atburðirnir í Grindavík séu með þeim umfangsmestu í sögu NTÍ og starfsemi stofnunarinnar. Þótt kraftar starfsfólks okkar og stjórnenda hafi að mestu farið í að glíma við afleiðingar jarðelda og jarðskjálfta á Reykjanesi tókst NTÍ á við 13 aðra tjónsatburði á árinu 2023. Átta þeirra voru vegna vatnsflóða, þrír vegna snjóflóða, einn vegna jarðskjálfta og einn vegna skriðufalla.

Sú atburðarás jarðhræringa og eldgosa sem hófst í nágrenni Grindavíkur í október 2023 hefur þegar valdið miklu eignatjóni og byggðaröskun sem enn sér ekki fyrir endann á. Fram til þessa hafa jarðskjálftar valdið umtalsvert meira tjóni á váttryggðum eignum í og við Grindavík en eldgosin. Þessar hamfarir hafa ekki einungis valdið miklu beinu tjóni heldur einnig verulegri truflun fyrir fólk og fyrirtæki á Reykjanesi og leitt til mikillar röskunar á innviðum og högum allra íbúa Grindavíkur.

Hamfarirnar í Grindavík eru sérstakar og nokkuð flóknari en þær sem NTÍ hefur áður þurft að takast á við. Má þar nefna að hamfarirnar hafa staðið yfir í langan tíma og enn er ekki vitað hvenær þeim muni ljúka. Því hefur bæði ríkt óvissa um hvert heildartjón vegna hamfaranna kemur til með að verða, auk þess sem þessar aðstæður hafa gert vinnu við framkvæmd tjónamats, aðra úrvinnslu og uppgjör atburðarins flóknari. Snemma lá fyrir að þótt hluti íbúðarhúsa í Grindavík hafi ekki orðið fyrir beinu tjóni af völdum atburðanna, þá standa þau á óíbúðarhæfu svæði og eru því a.m.k. enn um sinn ekki nothæf til búsetu. Þessi sérstaða hamfaranna hefur, ásamt öðru, leitt af sér áskoranir sem stofnunin og starfsmenn hennar hafa fram til þessa ekki staðið frammi fyrir í sínum störfum.

NTÍ hefur á umliðnum árum byggt upp sterkan sjóð sem ætlað er að standa undir bótagreiðslum til eigenda váttryggðra eigna þegar náttúruhamfarir ríða yfir. Við upphaf atburðanna á Reykjanesi námu eignir NTÍ um 60 milljörðum króna. Stýring eignasafnsins og gerð endurtryggingasamninga eru lykilþættir í starfsemi stofnunarinnar milli atburða. Fjárfestingarstefna eignasafnsins byggir á varfærnum langtímamarkmiðum þar sem segja má að öryggi og aðgengi að fjármunum sé haft að leiðarljósi fremur en áhættutaka og von um mikla ávöxtun. NTÍ gerir samninga við erlend endurtryggingafyrirtæki sem eru afar verðmætir þegar stór áföll ríða yfir, þar sem endurtryggjendur taka höggið af NTÍ í tjónsatburðum sem kosta stofnunina meira en 10 milljarða króna. Þótt fjárhagslegur styrkur NTÍ hafi verið mikill í aðdraganda hamfaranna á Reykjanesi, þá eru þessir atburðir af þeirri stærðargráðu að verulega munar um beinan tjónakostnað sem er til kominn vegna þeirra. Þar við bætist að í upphafi árs 2024 kynnti ríkisstjórn Íslands aðgerðir sínar í þágu Grindvíkinga, m.a. setningu laga um uppkaup ríkisins á íbúðarhúsnæði í Grindavík í kjölfar hamfaranna sem tóku gildi hinn 1. mars 2024. Með þeirri lagasetningu var ráðherra heimilað er að ráðstafa allt að 15 milljörðum úr sjóðum NTÍ til uppkaupanna, til viðbótar þeim bótagreiðslum vegna váttryggðra eigna sem stofnuninni ber að greiða til tjónþola í Grindavík lögum samkvæmt, en þær bótagreiðslur munu að lágmarki nema um 10,6 milljörðum króna.

Lagasetningin fól í sér grundvallarbreytingu á ráðstöfun eigna NTÍ, enda hafði fram að henni ekki verið heimilt að ráðstafa eignum NTÍ til slíkra verkefna eða fjárfestinga, heldur var þeim fyrst og fremst ætlað að að standa undir bótagreiðslum vegna váttryggðra eigna sem verða fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara.

Það segir sig sjálft að sú ákvörðun Alþingis að ráðstafa um 25% af eigin fé NTÍ til fasteignakaupa, til viðbótar þeim váttryggingabótum sem NTÍ mun þurfa að greiða til váttryggðra tjónþola vegna hamfaranna, mun að óbreyttu veikja gjaldþol stofnunarinnar umtalsvert til framtíðar. Í því felst að stofnunin verður verr í stakk búin til þess að takast á við náttúruhamfarir sem kunna að dynja á okkur í framtíðinni, a.m.k. á meðan sjóðir hennar verða byggðir upp að nýju. Því er nauðsynlegt að grípa til mótvægisáðgerða gegn þessu útlæði eigna úr sjóðum NTÍ. Í ljósi þess hefur stjórn NTÍ skorað á stjórnvöld að taka fjármögnun stofnunarinnar til endurskoðunar í því skyni að styrkja eigið fé hennar og efla gjaldþol til framtíðar. Bent hefur verið á tvær mögulegar leiðir til þess, annars vegar að hækka iðgjaldagreiðslur til NTÍ og hins vegar með því að fella niður skattskyldu stofnunarinnar á þann hátt að NTÍ verði aftur undanþegin greiðslu fjármagnstekjuskatts, líkt og var í árdaga stofnunarinnar.

Sá langi tími sem einkennt hefur tjónsatburðinn í Grindavík hefur leitt af sér nýjar áskoranir í náttúruhamfaratryggingum sem mikilvægt er að stjórnvöld skoði sérstaklega. Að mati stjórnar NTÍ kalla þessar nýju aðstæður á stefnumótun stjórnvalda og mögulega endurskoðun á regluverki um hvernig skuli bregðast við tjónsatburðum og eignatjóni sem hvorki hefðbundnar váttryggingar né náttúruhamfaratryggingar taka til í dag.

Við þessi tímamót þakkar stjórn NTÍ öllu starfsfólki stofnunarinnar fyrir ákaflega vel unnin störf á þessu annasama starfsári. Stjórn þakkar einnig þeim fjölmörgu fyrirtækjum, einstaklingum og opinberu aðilum sem NTÍ hefur átt samstarf og samskipti við á starfsárinu.

Stjórn NTÍ:
Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður.
Jóna Björk Guðnadóttir, varaformaður.
Hallfríður G. Hólmgrímsdóttir.
Ragnar Þorgeirsson.
Steinar Harðarson.

TJÓNSATBURÐIR Á ÁRINU 2023

Alls voru tilkynnt tjón vegna 14 tjónsatburða til NTÍ á árinu 2023. Til samanburðar urðu að meðaltal sjö tjónsatburðir á ári á tímabilinu 1987-2022. Af þessum 14 tjónsatburðum voru 13 atburðir sem leiddu til útborgunar tjónabóta en í einum þeirra var ekki um að ræða greiddar tjónabætur. Þeir atburðir sem leiddu til greiðslu tjónabóta á árinu voru:

- Vatnsflóð á Fáskrúðsfirði 03.01.2023
- Vatnsflóð í Skjálftandafljóti 12.01.2023
- Vatnsflóð í Fróðá 26.01.2023
- Vatnsflóð í Hvítá við Skollagróf 27.01.2023
- Snjóflóð við Bláfell 05.02.2023
- Vatnsflóð í Syðri-Hvamsá 08.02.2023
- Vatnsflóð í Elliðavatni 13.02.2023
- Vatnsflóð í Hvítá í Borgarfirði 13.02.2023
- Snjóflóð á Seyðisfirði 27.03.2023
- Snjóflóð í Neskaupstað 27.03.2023
- Sjávarflóð á Akranesi 02.09.2023
- Aurskriða í Mjóafirði 19.09.2023
- Jarðhræringar á Reykjanesi 10.11.2023

Lang mesta tjónið var í jarðhræringunum á Reykjanesi. Tjónsatburðurinn hófst þann 10.11.2023 með miklu kvikuinnskoti undir Grindavík með þeim afleiðingum að stórar sprungur opnuðust og sigdaglur myndaðist. Mikið tjón varð á húseignum, einkum þeim sem stóðu á eða við sprungur. Einnig varð umtalsvert tjón á veitumannvirkjum í Grindavík og nokkurt tjón varð á lausafé.

Þann 18.12.2023 varð eldgos norðan við Grindavík, en gosið olli ekki tjóni á váttryggðum eignum. Þann 14.01.2024 varð annað kvikuhlaup undir Grindavík sem olli frekari sprungumyndun með tilheyrandi skemmdum. Í þeim atburði varð einnig eldgos rétt norðan við Grindavík. Hraun rann inn í bæinn og eyðilagði nokkrar húseignir, ásamt því að skemmdir urðu á veitumannvirkjum og lausafé. Gróflega áætlaður kostnaður vegna vegna eldgossins er á bilinu 6-800 milljónir.

Jarðhræringunum í Grindavík er ekki lokið, en ljóst er að um er að ræða stærsta tjónsatburð NTÍ frá því í jarðskjálftunum á Suðurlandi í maí 2008. Búast má við að á bilinu 70-75 húseignir hafi orðið fyrir altjóni. Alls hafa borist um 500 tjónstilkynningar og er tjónaskoðun lokið í nánast öllum tilvikum.

Það er mat NTÍ að heildartjón í atburðinum, miðað við núverandi upplýsingar, geti numið allt að 18 milljörðum króna. Stærsti hluti tjónabóta er vegna altjóns á húseignum. NTÍ á bótakröfu á endurtryggjendur vegna tjónabóta sem fara umfram 10 milljarða í atburðinum. Það eru verkfræðistofurnar Verkís, Efla, VSÓ og Cowi (áður Mannvit) sem annast tjónamat fyrir hönd NTÍ. Alls hafa á bilinu 25-30 matsmenn komið að tjónamatinu frá því í nóvember 2023.

Í öðrum tjónsatburðum voru 30 tjónstilkynningar sem leiddu til greiðslu tjónabóta á árinu 2023. Af þeim varð mest tjón vegna snjóflóðs í Neskaupsstað í mars, þar sem bótageiðslur námu rúmlega 100 milljónum króna. Í öðrum atburðum var um minniháttar tjón að ræða.



Mynd 1 Sprunga og jarðsig í Grindavík af völdum kvikuhlaups 10.11.2023.



Mynd 2 Sýnilegar sprungur á yfirborði í Grindavík. Grænir punktar sýna íbúðarhúsnæði og rauðir sýna atvinnhúsnæði.



Mynd 3 Sprungur í útvegg vegna mismunasigs



Mynd 4 Skemmdir á fjöbýlishúsi vegna snjóflóðs í Neskaupsstað

ÁHRIF ATBURÐANNA Í GRINDAVÍK Á REKSTURINN

Atburðirnir í Grindavík hafa haft gríðarleg áhrif á rekstur NTÍ, bæði hvað varðar tjónakostnað en ekki síður vegna þeirrar óvenjulegu stöðu að Alþingi hefur ákveðið með lagasetningu að ráðstafa allt að 15 milljörðum króna úr bótasjóði NTÍ til fjármögnunar laga nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík. Lagasetningin er hluti af aðgerðum sem miða að því að skapa forsendur fyrir öruggari framtíð fyrir Grindvíkinga og eyða þeirri óvissu sem skapaðist af völdum jarðhræringa á sunnanverðu Reykjanesi. Aðgerðirnar snúa að því að gera Grindvíkingum kleift að koma sér upp öruggu heimili, tryggja afkomu þeirra og aðstoða þá við að bjarga verðmætum. Lögin fela í sér að ríkið kaupi íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga innan Grindavíkurbæjar, ef eftir því er leitað af hálfu viðkomandi eigenda. Framkvæmd þessara laga er á hendi sérstaks fasteignafélags sem stofnað var samhliða lagasetningunni, fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Ástæður þess að farið er í lagasetningu af þessu tagi er sú að þrátt fyrir að talsvert tjón hafi orðið í Grindavík sem er bótaskylt úr sjóðum NTÍ eru fjölmörg hús sem eru lítið eða ekkert skemmd nýtast eigendum sínum ekki um lengri eða skemmri tíma. Áætlanir gera ráð fyrir að uppkauþ á íbúðarhúsnæði Grindvíkinga geti þýtt útgjöld fyrir ríflega 60 milljarða króna fyrir ríkissjóð. Ráðist var í þessar aðgerðir vegna þeirrar miklu óvissu og hættu sem er á svæðinu vegna yfirstandandi jarðhræringa. Eins og áður segir hefur ráðherra ákveðið að fjárframlag verði lagt til félagsins af eignum NTÍ, allt að 15 milljörðum króna, enda sé þess gætt að það komi ekki niður á rekstrarhæfi og gjaldþoli stofnunarinnar. Það er nokkuð ljóst að allur sá kostnaður sem fellur á NTÍ vegna tjóna í Grindavík, auk þessara 15 milljarða króna mun hafa veruleg áhrif á rekstrarhæfi stofnunarinnar.

Í samræmi við það sem að framan greinir eru áhrif atburðarins á eignasafn NTÍ umtalsverð. Gert er ráð fyrir að tjónabætur NTÍ vegna tjónsatburðarins í Grindavík nái eigin áhættu NTÍ í hverjum tjónsatburði sem nemur 10 milljörðum króna. Ef fjármála- og efnahagsráðuneytið ákveður að fullnýta heimild til að ráðstafa 15 mö.kr. af eignum NTÍ til íbúðakaupa í Grindavík munu áhrifin nema samanlagt 25 milljörðum króna á eigið fé NTÍ. Til samanburðar nam eignasafn stofnunarinnar um 60 milljörðum króna þegar tjónsatburðurinn hófst.

Þá hafa undanfarin þrjú ár verið erfið hvað ávöxtun eigna NTÍ varðar. Þannig var raunávöxtun eignasafnsins neikvæð um 16,4% á árinu 2022 og neikvæð um 1% á árinu 2023. Á sama tíma hefur verðbólga verið há sem þýðir að virði eigna sem NTÍ váttryggir hefur hækkað. Þetta þýðir að gjaldþol NTÍ sem hlutfall eigna af váttryggingaverðmæti hefur farið lækkandi úr 0,38% árið 2020 niður í 0,29% árið 2023. Þá er áætlað að samanlögð útgjöld NTÍ vegna tjónsatburðarins í Grindavík leiði til þess að gjaldþol stofnunarinnar m.v. þennan mælikvarða geti farið niður í 0,15 - 0,17% á árinu 2024. Þá er miðað við að ekki komi til frekari tjónsatburða sem leiða til verulegra útgjalda af hálfu stofnunarinnar. Til samanburðar er viðmið í lögum um NTÍ sem segir að stofnunin þurfi að fjármagna allt að 1% af samanlögðu váttryggingavirði í hverjum tjónsatburði.

ENDURTRYGGINGAR

Eins og flest tryggingafélög, kaupir NTÍ endurtryggingar á markaði til að dreifa áhættu sinni. Einn af mikilvægustu þáttunum í samningum milli frum- og endurtryggjenda er tjónasaga, þ.e. tíðni og umfang tjóna. Stórir tjónsaburðir, þar sem reynir á bótagreiðslur frá endurtryggjendum, hafa því mikil áhrif á verðmyndun endurtrygginga, þegar til endurnýjunar kemur. Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir telja stjórnendur NTÍ að tjón af völdum jarðhræringanna í Grindavík muni reyna á endurtryggingar og hafa allir endurtryggjendur á endurtryggingarsamningi NTÍ verið upplýstir um það. Viðlíka tjón vegna jarðskjálfta af völdum kvikuinnskots er óþekkt á sögulegum tíma. Á sama tíma hefur komið í ljós að án þeirra varnargarða sem byggðir hafa verið, hefði tjón á váttryggðum eignum orðið mun meira en orðið hefur.

Stofnunin hefur undanfarin ár verið í afar góðri samningsstöðu við kaup á endurtryggingum. Helstu ástæður þess eru óvenju góðar upplýsingar um náttúruvá, virði, gerð og staðsetningu váttryggðra eigna sem og tjónnæmi þeirra. Einnig skiptir miklu máli að sú áhætta sem NTÍ váttryggir gegn, er að mestu leiti óháð öðrum stórum áhættum sem endurtryggjendur váttryggja gegn, t.d. á meginlandi Evrópu. Hugsanleg tjón vegna jarðskjálfta- og eldvirkni á Reykjanesi hafa verið hluti af áhættumati NTÍ til langs tíma. Sú áhætta hefur verið tekin til greina við gerð endurtryggingasamninga hingað til, en við mat á líkum (tíðni) hefur verið miðað við að eldvirkni á Reykjaneskaga sé lotubundin. Þegar eldvirkni hófst í Fagradalsfjalli árið 2021 var ljóst að löngu goshléi var lokið og ástæða til að leggja aukna áherslu á áhættumat á Reykjanesi, þ.m.t. áhættudreifingu með endurtryggingum.

Nú hefur eldvirkni staðið yfir með hléum í rúm þrjú ár. Framundan er endurnýjun endurtrygginga þar sem miklvægt er að NTÍ takist að afla endurtrygginga á sanngjörnu verði þrátt fyrir að endurtryggingaatburður hafi þegar átt sér stað og sú atburðarrás sem hófst þann 10. nóvember 2023 standi enn yfir. Ljóst er að varnargarðar sem íslenska ríkið hefur lagt í kostnað við að byggja, hafa skilað gríðarlegum árangri og dregið úr tjónskostnaði sem annars má gera ráð fyrir að hefði að verulegu leyti lent á endurtryggjendum. Áhersla verður áfram lögð á öfluga og áreiðanlega upplýsingagjöf til endurtryggjenda, þar sem lagðar verða fram sem allra bestar upplýsingar um áhættuna á Reykjanesi í heild, þ.m.t. hvaða möguleikar eru á að minnka eða koma í veg fyrir tjón með gerð varnarmannvirkja. Með því móti er þess vænst að gerð endurtryggingasamninga fyrir árið 2025 verði farsæl og NTÍ verði áfram í stakk búið til að standa undir stórum tjónsatburðum.



LYKILTÖLUR ÚR
ÁRSREIKNINGI 2023

ALLAR FJÁRHÆÐIR ERU Í
ÞÚSUNDUM KRÓNA

REKSTRARREIKNINGUR

		2023	2022
Tekjur af váttryggingasamningum		4.722.269	4.052.372
Kostnaður af váttryggingasamningum	6*	(26.031.329)	(638.986)
Afkoma af endurtryggingasamningum	7*	14.294.139	(574.734)
Afkoma af váttryggingasamningum		(7.014.921)	2.838.652
Hreinar fjármunatekjur	8*	3.853.273	(4.635.174)
Fjármagnstekjuskattur	17*	(847.755)	1.019.738
Rekstrarkostn. fjárfestingarstarfsemi	6*	(105.639)	(121.645)
Afkoma fjárfestinga		2.899.879	(3.737.081)
Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum		(4.115.042)	(898.429)
Aðrar tekjur		3.560	16.664
Annar rekstrarkostnaður	7*	(3.507)	(7.853)
Annar fjármagnskostnaður		(2.928)	(3.026)
Tap ársins		(4.117.917)	(892.644)

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2023

	Skýr.	2023	2022
EIGNIR			
Handbært fé		4.386.016	2.262.510
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	14*	56.446.264	52.340.614
Endurtryggingaeignir	16	15.080.299	0
Aðrar kröfur		8.731	5.628
Leigueign	12	45.275	48.668
Rekstrarfjármunir	11	11.462	6.135
		75.978.047	54.663.555
EIGIÐ FÉ			
Varasjóður		4.270.135	4.270.135
Óráðstafað eigið fé		45.525.237	49.643.154
		49.795.372	53.913.289
SKULDIR			
Leiguskuld	12	50.528	53.312
Skattskuldbinding vegna váttr.samninga	16	25.677.391	272.720
Skattskuldbinding	17*	425.,007	394.484
Aðrar skuldir		29.749	29.750
		26.182.675	750.266
		75.978.047	54.663.555

*Stjörnumerkta skýringar má finna í ársreikningi á heimasíðu NTÍ, www.nti.is, aðrar skýringar eru á bls. 14-15

HELSTU SKÝRINGAR MEÐ
ÁRSREIKNINGI 2023

Skýring 6	2023	2022
Kostnaður af vátr.samningum og rekstrarkostnaður		
Tjón ársins	25.529.252	224.006
Laun og launatengd gjöld	164.758	132.414
Skrifstofu- og stjórnunarskostnaður	326.811	274.299
Afskriftir rekstrarfjármuna og leigueignar	10.508	8.267
Samtals	26.031.329	638.986

Kostnaður af váttryggingasamningum og rekstrarkostnaður greinist þannig í rekstrar-reikningi og yfirliti yfir heildarafkomu:		
Kostnaður af váttryggingasamningum:		
Tjón ársins og breyting á tjónaskuld	25.529.252	224.006
Rekstrarkostn. af váttryggingasamningum	502.077	414.980
	26.031.329	638.986
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	105.639	121.645
Annar rekstrarkostnaður	3.507	7.853
Samtals	26.140.475	768.484

Skýring 7	2023	2022
Afkoma af endurtryggingasamningum		
Hluti endurtryggjenda í tekjum af váttryggingasamningum	(740.047)	(556.425)
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins	15.080.299	9.595
Umboðslaun	(46.113)	(27.905)
Samtals	14.294.139	(574.734)

Skýring 8	2023	2022
Hreinar fjármunatekjur		
Gangvirðisbreyting verðbréfa	3.677.128	(4.694.196)
Vaxtatekjur af handbæru fé	175.982	57.169
Aðrar vaxtatekjur	163	234
Gengismunur gjaldmiðla	0	1.619
Samtals	3.853.273	(4.635.174)

Skýring 14	2023	2022
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur		
Innlend hlutabréf	1.732.725	1.753.812
Erlend hlutabréf	3.343.034	2.884.288
Innlend hlutdeildarskírteini	2.010.414	1.527.572
Erlend hlutdeildarskírteini	7.416.919	7.705.990
Innlendu skuldabréf	28.811.712	26.140.586
Erlend skuldabréf	13.131.460	12.318.293
Skráð verðbréf samtals	56.446.264	52.330.541
Óskráð skuldabréf	0	10.073
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	56.446.264	52.340.614

Skýring 17	2023	2022
Skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts		
Skuldbinding í ársbyrjun	394.484	2.088.765
Fjármagnstekjuskattur ársins	847.755	(1.019.738)
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(817.232)	(674.543)
Skuldbinding í árslok	425.007	384.484

